



Nefndasvið Alþingis
heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. ágúst 2008

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar

Heilbrigðisnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Félags eldri borgara í Reykjavík (FEB) um frumvarp til laga um sjúkratryggingar, 613. mál, heildarlög. Vegna sumarleyfa og mikils tíma sem fór í að yfirfara og kynna sér þetta viðamikla frumvarp tókst ekki að svara beiðninni á tilsettum tíma, þ.e.a.s. fyrir 1. júlí 2008 en félagið vonar að tekið verði tilliti til athugasemda félagsins þrátt fyrir það. Ljóst er að frumvarpið felur í sér grundvallarbreytingar á stjórnsýslu og framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar. Markmiðið er m.a. að auka áherslu á gæðaeftirlit, árangursstjórnunar og kostnaðargreiningu, sem FEB telur að verði til bóta. Félagið vill þó benda á eftirfarandi atriði sem það vonast til að tekið verði tillit til við afgreiðslu frumvarpsins:

1. Í fjölda greina er orðalag á þessa leið: „Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar“. FEB telur að ráðherra sé gefið of mikið vald með setningu þessa fjölda reglugerða og að lögin ættu í mörgum tilfellum að vera skýrari og afdráttarlausari þannig að ekki þurfi að koma til setningu mikils fjölda reglugerða.
2. Félagið telur að það ákvæði sem fram kemur í 19. grein, um að greiðsluþátttaka sjúkratrygginga skuli háð því skilyrði að fyrir liggi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis, sé íþyngjandi fyrir eldri borgara.
3. Félagið telur það afar óheppilegt orðalag í 20. 21. og 22. grein þar sem sagt er að ráðherra geti sett reglugerð um „*takmörkun*“ greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlækninga og tannréttinga, sjúkráþjálfunar, iðjuþjálfunar og talþjálfunar eða annarrar sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu. FEB leggur til að orðið „*takmörkun*“ falli brott í þessum greinum frumvarpsins.
4. Félagið telur að togstreita geti skapast milli ráðuneyta félags- og tryggingamála annars vegar og heilbrigðismála hins vegar með ákvæði 24. gr. þar sem talað er um að sjúkratrygging taki m.a. til heilbrigðisþjónustu sem veitt er á hjúkrunarrýmum

öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila því þessar stofnanir falla að öðru leyti undir félags- og tryggingamálaráðuneyti. FEB telur að öll málefni aldraðra eigi að falla undir félags- og tryggingamálaráðuneyti.

5. Í 26. gr. þykir félaginu eðlilegt að þegar rætt er um hjálpartæki til að aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, verði aldraðir einnig nefndir sérstaklega því þeir þurfa í mörgum tilfellum á slíkum tækjum að halda.
6. Í 29. gr. er rætt um gjaldtöku varðandi ýmsa þætti heilbrigðisþjónustu sem sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt á. Í 3. tölulið 29. gr. kemur m.a. fram að ekki sé heimilt að taka gjald fyrir hjúkrun í heimahúsum, sem er í samræmi við núgildandi lög. Félagið telur að heimahjúkrun eigi að samþætta félagsþjónustu sveitarfélaga og bendir á að nýlega var skýrt frá verkefni ríkisins og Reykjavíkurborgar um samþættingu heimahjúkrunar og heimilishjálpar sveitarfélaga sem myndi þá falla undir félags- og tryggingamálaráðuneyti. Félagið er því þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að festa í lög að heimahjúkrun heyri áfram undir heilbrigðisráðuneyti.
7. Að síðustu vill félagið benda á að ekki kemur skýrt fram í frumvarpinu hvernig samstarfi Tryggingastofnunar ríkisins og hinnar nýju Sjúkratryggingastofnunar verði háttað í framtíðinni.

Virðingarfyllst

f.h. Félags eldri borgara í Reykjavík,



Margrét Margeirsdóttir

formaður